

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í þorskfisknet fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi og um bann við netaveiðum loðnuskipa.

1. gr.

Frá kl. 12 á hádegi 6. maí 1980 til og með 20. maí 1980, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar á svæði fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, sem að vestan markast af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum og að austan af línu dreginni réttvísandi í austur frá Eystrahorni.

2. gr.

Skipum þeim, er leyfi fengu til loðnuveiða á vetrarvertið 1980, eru bannaðar allar veiðar í þorskfisknet frá hádegi 6. maí 1980 til og með 15. ágúst 1980.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. apríl 1980.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.